

Heiltæk forysta í Breiðholti

Samhæfð þjónusta fyrir börn

Markmið *Heiltækrar forystu* er að leiða saman stofnanir í Breiðholti sem koma að þjónustu við fjölskyldufólk í hverfinu og auka samvinnu þeirra í milli með það að markmiði að bæta þjónustu við börn. Þær stofnanir sem um ræðir eru: Grunnskólar, leikskólar, frístundastarf, lögregla, barnavernd og heilsugæsla. Markmið Heiltækrar forystu fer saman við tilraunarverkefni sem unnið er að í Breiðholti.

Námskeið um heiltæka forystu fór fram 16. janúar 2013 og var það leitt af Önnu Kristínu Sigurðardóttur lektor við Háskóla Íslands í samstarfi við Auði Árnýju Stefánsdóttur, Þórð Kristjánsson og Óskar Dýrmund Ólafsson. Þátttakendur á námskeiðinu voru 25 stjórnendur, en 40 var boðin þátttaka. Fyrirhugað er að halda framhaldsnámskeið haustið 2013.

Um Breiðholtsverkefnið

Borgaryfirvöld ýttu úr vör tilraunarverkefni í Breiðholti í ársbyrjun 2012. Í febrúar það ár var ráðinn hverfisstjóri Breiðholts til að leiða verkefnið. Áætlað er að tilraunaverkefnið spanni þrjú ár. Verkefnið felur sér markmið sem lúta að því að þjónusta Reykjavíkurborgar í hverfinu verði heildstæðari, markvissari og samhæðari, íbúum hverfisins til hagsbóta. Verkefninu er jafnframt ætlað að nýta auðlindir borgarinnar betur, s.s. húsnæði og starfsfólk.

Stýrihópur verkefnisins starfar þvert á svið Reykjavíkurborgar undir forystu borgarstjóra í því skyni að efla samstarf sviða og starfseininga borgarinnar í tengslum við verkefnið



Könnun meðal stjórnenda

Við upphaf verkefnisins heiltæk forysta í Breiðholti var könnun lögð fyrir stjórnendur í Breiðholti. Könnunin byggði á gagnreyndum spurningum sem nýttar hafa verið til að próa heiltæka nálgun hjá stjórnendum í Bretlandi. Könnunin verður aftur lögð fyrir eftir að námskeiði um heiltæka forystu lýkur. Markmiðið er að geta betur lagt mat á árangur námskeiðsins.

Helstu niðurstöður eru þær að allflestir eða um 89% stjórnenda í Breiðholti telja sig færa um að útfæra framtíðarsýn og móta stefnu þannig að hún njóti stuðnings, en einungis 50% fylgist með áhrifum og árangri stefnunnar með kerfisbundnum hætti.

Meirihluti eða um 84% telja sig takast vel að skapa jákvæðan starfsanda sem styður við árangur, en einungis um 50% segjast hafa góð tök á að leysa ágreining og bera virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Allir sem þátt tóku telja sig vera opna fyrir

Samstarfsverkefni undir formerkjum heiltækrar forystu

Á námskeiðinu 16. janúar settu stjórnendur fram hugmyndir að fjölbreyttum samstarfsverkefnum. Mikilvægast þótti að vinna að eftirtöldum viðfangsefnum:

- Stuðningur við foreldra
- Forvarnir fyrir framþróun
- Aukin þátttaka innflytjenda
- Ímynd endurspegli jákvætt samfélag
- Félagsstarf, íþróttir og menning efli lýðheilsu

Umræða í hópum leiddi af sér fjölmörg verkefni:

- Stuðlað að læsi með fjölbreyttari kennsluháttum.
- Áhersla á hreyfingu, útinám, hollustu og heilbrigðan lífsstíl.
- Bætt aðgengi nemenda að tónlistarkennslu.
- Tungumálanámskeið fyrir foreldra.
- Námskeið og smiðjur fyrir foreldra og börn.
- Kynning á frístundastarfi og stuðningur við foreldra til að nýta frístundakortið.
- Umsjón og eftirlit í frístundastrætó og með börnum sem bíða eftir að íþróttaæfingar hefjist.
- Gagnagrunnur með sérþekkingu starfsmanna og stofnana í hverfinu.
- Breiðholtsdagar nýttir fyrir kynningar á stofnunum.

breytingum og geta skapað jákvæðni, en einungis 71% segjast fylgjast með að breytingarferlið gangi vel og að þeir nýti áreiðanleg gögn til þess.

Mikill meirihluti eða 83% segja að skipurit og verkaskipting á vinnustaðnum séu skilvirk, en einungis 58% nýta gögn og kannanir með markvissum hætti til að fylgjast með árangri. Svipaðar niðurstöður komu fram í öðrum svörum.

Athyglivert er að þó að meirihluti stjórnenda að um og yfir 80% telja sig ráða við alla þætti stjórnunar, en það eru einungis um og yfir 50% sem fylgja hlutum eftir. Einnig að rúmlega 90% styðja umbótastarf með öðrum stjórnendum og aðilum úr grenndarsamfélaginu, en einungis 59% töldu sig hafa áhrif til að stuðla að auknum árangri utan vinnustaðarins.

